

Fundargerð aðalfundar SFFÍ 19. mars 2024

Haldinn í Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri, Akureyri.

Formaður setti fundinn kl 19:45, 34 manns voru mættir á fundinn. Formaður lagði til að fundarstjóri yrði Þórveig Jóhannsdóttir og ritari yrði Sigríður Hrefna Pálsdóttir ritari SFFÍ. Sem var samþykkt.

1. Fundarstjóri tekur við taumunum og kynnir eftirfarandi liði:
 - a. **Skýrsla formanns:** Brynjar formaður las skýrslu sína um starf félagsins. Skýrsla er fylgiskjal.
 - b. **Nefndir og ráð félagsins gefa skýrslur um störf á liðnu ári**
 - i. **Orðanefnd** Páll nefndarmaður, íðorðabanki. Búinn að vera í sambandi við þau hjá malid.is . Bjarni Diðrik með orðalista. Þarf að koma skýringum og skilgreiningum á blað á hugtökum í skógræktargeiranum. Minnsta safnið er 100 (tæknigeirinn) stærsta 30.000 orð. Við getum sett okkur markmið um að koma upp lista yfir orð sem hafa með jarðvinnslu og skógarumhirðu að gera. Þröstur lofar að byrja á þessum lista.
 - ii. **Námsmatsnefnd** Hreinn nefndarmaður. Fer yfir starfsárið, mikil aukning. Ný inn Björk, Becky, Aaron, Kári og Ægir. Aukaaðild komu inn Salka, Ester og Ísold.
 - iii. **Endurmenntunarnefnd** Brynjar kom inn á það í skýrslu sinni...
 - iv. **Ferðanefnd** Hreinn nefndarmaður las skýrslu um Suðurlandsferð félagsins síðastliðið haust.
 - c. **Reikningar stjórnar:** Johan gjaldkeri fór yfir ársreikning. Ársreikningur lagður fram til atkvæðagreiðslu og samhljóða samþykktir.
 - d. **Árgjald ákveðið til eins árs.**
Lagt til að hækka árgjaldið upp í 4.000. Samþykkt af meirihluta.
 - e. **Laga- og reglugerðarbreytingar.**
Tillaga um að falla frá breytingum á síðasta aðalfundi og í staðinn fella út ákvæðið um að formaður sé kosinn beinni kosningu og sett inn ákvæði um að stjórnarfolk skipti með sér verkum/embættum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. (Sjá nánar hér fyrir neðan). Tillagan samþykkt.
 - f. **Stjórnarkjör.**
Sama fólk gefur kost á sér. Allir samþykktir áfram.
 - g. **Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa.**
 - i. Orðanefndarfolk (Páll, Jóhanna, Aðalsteinn og Þröstur) gefur kost á sér áfram, Jóhanna tilbúin að stíga til hliðar ef ásókn er mikil.
 - ii. Námsmatsnefnd - samkvæmt lögum félagsins á sá/sú sem setið hefur lengst að víkja og kjósa nýja/n inn í

- staðinn. Hreinn Óskarsson hefur setið lengst. Kári bauð sig fram.
- iii. Endurmenntunarnefndarfolk eru þau sem eru í aðalstjórn, nóg að kjósa aðalstjórn.
 - iv. Ferðanefndarfolk gefur kost á sér áfram.
- h. **Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.** Harpa og Arnlín gefa kost á sér áfram
- i. **Áætlun um störf næsta árs.**
- i. **Endurmenntunarnefnd** Johan kynnti fyrirhugað skógarveganámskeið sem verður haldið 5.-7. apríl næstkomandi. Væri gott ef einhver fórnaði sér og lærði fræðin almennilega. Skógarvegahönnun og áætlun með framkvæmdaleyfisumsókn kannski í framtíðinni. Lbhí með tillögu að Iceforest-námskeiði með Timo í samstarfi við SFFÍ á næsta ári. Var blásið tvisvar af á covid tímum. Til að reikna út kolefnisbindingu, vöxt og viðarmagn.
 - ii. **Ferðanefnd** Arnlín kynnti hugmyndir að dagskrá fyrirhugaðrar Skotlandsferðar. Kynningarskrá send á alla félaga til að kynna sér.
- j. **Önnur mál**
- i. Baldur Þorsteinsson lést 23. feb 2024 - heiðursmaður. Aðalsteinn kvað sér orðs og minntist hans. Átti ríkan þátt í að starta gróðrastöðvum ríkisins um allt land. Starfaði í Haukadal.
 - ii. Bjarni Diðrik. Varðandi heiðursfélaga. Bjarni Diðrik leggur til að Þröstur verði gerður að heiðursfélaga. Samþykkt. Þröstur krefst þess að fá að borga áfram félagsgjald.
 - iii. Helgi Guðmundsson. Skógarkot - ath hvort Skógfræðingafélagið gæti fengið aðgang að Skógarkoti eða öðrum húsum Lands og Skógar. Lagt fyrir stjórn að kanna.
 - iv. Hreinn hrósar stjórninni fyrir vel unnin störf.

Formaður sleit fundi á slaginu kl 21:00

9. grein eftir samþykkt á breytingu:

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Ef atkvæði falla jafnt á tvo menn, ræður hlutkesti úrslitum. Kjörtími stjórnarfolks er tvö ár og skal þeim öllum skipt út á sama tíma eftir tveggja ára stjórnarsetu. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér hlutverkum formanns, ritara og gjaldkera.

Skýrsla stjórnar, flutt á aðalfundi Skógfræðingafélags Íslands í Gömlu Gróðrastöðinni á Akureyri 19. mars 2024.

Stjórn félagsins hélt sex stjórnarfundi á árinu. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum, Brynjar formaður, Sigga ritari, Johan gjaldkeri og Rakel varamaður.

Á þessum sama fundi var leiðin vörðuð fyrir árið. Ákveðið var að fundargerðir stjórnar skyldu vera sendar til félagsmanna strax að loknum stjórnarfundum. Stefnumál ársins voru að stuðla að skoðunarferðum í landshlutum Íslands fyrir félag, koma á endurmenntunarnámskeiði í samstarfi við Lbhí og efla samband félagsins við skógfræðinema. Haft var samband við ferðanefnd félagsins um að skipuleggja fræðsludag á Suðurlandi með viðkomu í Gunnarslundi sem hún gerði með sóma (nánar hjá ferðanefndi). Félagsmenn sem heimsóttu Gunnarslund í suðurlandsferðinni voru sammála um að lundurinn þyrfti upplyftingu s.s. lagfæringu stíga og borðs/bekks og bera þyrfti á súluna. Einnig var áhugi á að greina vandlega þær trjátegundir sem finnast í lundinum og ganga frá merkingum. Eftir samráð við Ragnhildi Freysteinsdóttur hefur verið ákveðið að styrkja merkingaátak í lundinum úr Sjóði Gunnarslundar, en gera það í samráði við skógarvörðinn á Suðurlandi þannig samræmi verði við aðrar merkingar LogS.

Samkvæmt lauslegri könnun á síðasta aðalfundi lá fyrir að áhugi væri á námskeiði um hönnun og lagningu vega í skógum. Johan setti sig í samband Fredrik, norskan reynslubolta í vega og slóðagerð, og hefur unnið ötullega að skipulagningu námskeiðsins í samvinnu við hann og Jóhönnu hjá LBHÍ. Námskeiðið verður haldið 5-7 apríl 2024 og skuldlausir félagsmenn fá afslátt á þáttökugjaldi (Johan kynnr nánar á eftir). Á haustönn 2023 var haldið annað valnámskeið við LBHÍ, um sjálfsáningu trjáa með Dennis Rige. Félagsmönnum gafst kostur á að sækja það námskeið án þess að skrá sig í sérstakt nám hjá skólanum. Það er von okkar að þessi góða samvinna við LBHÍ muni halda áfram. Boð voru látin út ganga til skógfræðinema að þeir gætu sótt um 10 þús. króna styrk til ferðarinnar Skógar Íslands ef þeir sæktu um aukaaðild í félaginu. Þrír sóttu um aðild við þessa hvatningu.

Ákveðið var að bíða með ferð til Wales þar sem lítið var um svör frá félögum. Stjórnin fékk heimsókn í Gömlu Gróðrastöðina frá nokkrum Skotum á árinu í fylgd með Þorbergi Hjalta. Við heimsóknina kviknaði sú hugmynd að skoða með ferð til Skotlands og fá Arnlínu og Þorberg til að skoða þann möguleika. Fyrst var hugmyndin að stefna á hautið 2024 en við nánari skoðun þótti skynsamlegt að taka lengri tíma í undirbúning enda margir félagar starfsfólk LogS og uppteknir vegna sameiningarverkefna. Arnlín mun kynna hugmyndir um Skotlandsferð síðar á fundinum.

Skógfræðingafélagið er einn af fimm aðilum sem koma að skipulagningu Fagráðstefnu. Rakel sinnti þessum hluta fyrir hönd félagsins. Auk þess að koma að

faglegum ákvörðunum og almennri skipulagningu hefur Rakel haldið utanum samskipti við hótél og rekstraraðila Hofs o.fl. Á langri heimleið frá síðustu ráðstefnu í rútu hafði nýkjörin stjórn góðan tíma til að skipta með sér verkum og koma með hugmyndir að þema næstu ráðstefnu en þar vaknaði einmitt hugmyndin að fjalla um Skógarauðlindina, sem síðan varð raunin.

Sigga ritari hefur séð til þess að upplýsingar, t.d. fundargerðir stjórnar, hafa borist til félagsmanna með skipulegum hætti, haldið utanum félagaskrá, tryggt örugga og góða skráningu á því sem fram hefur farið svo eitthvað sé nefnt.

Ritað af Brynjari Skúlasyni 17/3 2024